

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 81/2001**

**frá 19. júní 2001**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001 frá 18. maí 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/608/EB frá 27. september 2000 um athugasemdir til leiðbeiningar við áhættumat sem lýst er í III. viðauka við tilskipun 90/219/EBE um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 24a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/448/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„24b. **32000 D 0608**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/608/EB frá 27. september 2000 um athugasemdir til leiðbeiningar við áhættumat sem lýst er í III. viðauka við tilskipun 90/219/EBE um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtið. EB L 258, 12.10.2000, bls. 43).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 258, 12.10.2000, bls. 43.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/608/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.